



Svæðisskipulagsnefnd SSA

Mætt: Axel Örn Sveinbjörnsson (Vopnafjarðarhreppur), Eydís Ásbjörnsdóttir (Fjarðabyggð), Lárus Heiðarsson (Fljótisdalshreppur), Stefán Bogi Sveinsson (Múlaþing), Gunnþórunn Ingólfssdóttir (Fljótisdalshreppur), Sara Elísabet Svansdóttir (Vopnafjarðarhreppur), Huguína Hjálmarsdóttir (Múlaþing), Gunnar Jónsson (Fjarðabyggð) Jóna Árný Þórðardóttir (Austurbrú), Esther Ösp Gunnarsdóttir (Austurbrú) og Jón Knútur Ásmundsson (Austurbrú).

Frá Alta: Matthildur Kr. Elmarsdóttir.

Fundurinn var haldinn 2. september 2022 á Teams.

SBS stýrði fundi og gengið var til dagskrár klukkan 09:05

1. Kynning á minnisblaði Alta

Tillaga að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 var auglýst þann 7. júlí 2022 í samræmi við 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Athugasemdafrestur rann út þann 20. ágúst 2022 og bárust athugasemdir frá sjö aðilum:

- Bryndísi Helgu Ólafsdóttur, dags. 22.7.2022
- Landsvirkjun, dags. 18.8.2022
- Landvernd, dags. 19.8.2022
- Minjasafni Austurlands og Tækniminjasafni Austurlands dags. 18.8.2022
- Minjastofnun Íslands, dags. 23.8.2022
- Samgöngufélaginu, dags. 19.8.2022
- Umhverfisstofnun, dags. 24.8.2022

Svæðisskipulagsnefnd hefur fjallað um athugasemdirnar og samþykkt umsögn um þær samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulagslaga, 16. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. minnisblað sem fylgir þessari fundargerð. Í 8. kafla svæðisskipulagsins er skýrt hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina með hliðsjón af umhverfismatsskýrslu, sem er fylgiskjal með svæðisskipulaginu.

Svæðisskipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórnir sveitarfélaganna fjögurra á Austurlandi, samþykki afgreiðslu nefndarinnar og samþykki svæðisskipulagið og umhverfismatsskýrsluna með þeim lagfæringum sem lýst er í framangreindu minnisblaði. Afgreiðslan sendist til nefndarinnar.

Þegar sveitarstjórnir hafa samþykkt svæðisskipulagið sendir svæðisskipulagsnefnd svæðisskipulagstillöguna til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum við auglýsta tillögu og umsögnum svæðisskipulagsnefndar um þær. Jafnframt auglýsir



svæðisskipulagsnefnd niðurstöðu sína og sendir þeim aðilum sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær. Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að svæðisskipulagi barst henni staðfesta svæðisskipulagstillögunu og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Svæðisskipulagið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af hlutaðeigandi sveitarstjórnun, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Svæðisskipulagsnefnd þakkar sendendum kærlega fyrir ábendingar og samþykkir að þessi fundargerð og fylgiskjal hennar verði send hverjum þeirra.

Fleira ekki gert og fundinum slitið 10:00.

Fundarritun: JKÁ.